



Fréttatilkynning

03 March 2025 16:01:00 GMT

## Arion banki: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 9. janúar 2025 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 9. viku 2025 keypti Arion banki sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Tekið er fram að endurkaup eigin hluta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. samkvæmt áætluninni lauk í 7. viku. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion eftir viðskipti
24.2.2025	10:21:33	3	13,25	40	3.358.745
24.2.2025	10:30:06	849	13,25	11.249	3.359.594
24.2.2025	10:39:21	100	13,25	1.325	3.359.694
24.2.2025	11:05:36	37	13,25	490	3.359.731
24.2.2025	12:37:13	4.000	13,25	53.000	3.363.731
24.2.2025	14:06:06	107	13,25	1.418	3.363.838
24.2.2025	15:31:43	4.904	13,35	65.468	3.368.742
25.2.2025	10:57:04	10.000	13,25	132.500	3.378.742
26.2.2025	11:24:12	2.696	13,05	35.183	3.381.438



26.2.2025	11: 56:26	5	13,05	65	3.381.443
26.2.2025	12: 18:04	3	13,05	39	3.381.446
26.2.2025	12: 52:14	7.296	13,05	95.213	3.388.742
27.2.2025	10: 51:31	10.000	13,40	134.000	3.398.742
28.2.2025	13: 32:36	1.276	13,10	16.716	3.400.018
28.2.2025	15: 43:15	8.724	13,10	114.284	3.408.742
		<b>50.000</b>		<b>660.990</b>	<b>3.408.742</b>

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 9 samtals 118.030.344 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 9 samtals 118.080.344 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 7,802% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 17.109.517 hluti og 306.733 heimildarskírteini.

Heimilt er að kaupa allt að 387.096 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,026% af útgefnum hlutum og allt að 18.967.704 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,253% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,279% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 60.000.000 kr. í Svíþjóð og 2.940.000.000 kr. á Íslandi (samtals 3,0 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 12. mars 2025. Arion banki hf hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 1275/2024 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

---

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760,  
eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s.  
856 7171

**Viðhengi**

---

[Arion banki: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)